

Nr. 22-054 S 045 Hringur SH 153**Reykur í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 2685
IMO 8956669
Útgerð: Gíslaumur Runólfsson
Smíðaður: M.C.FABRIKATIONS 1997
Stærð: 481 BT
Mesta lengd: 28,99 m Skráð lengd: 25,0 m
Breidd: 9,30 m Dýpt: 7,50 m
Vél: M.A.K. 560 kW 1997
Fjöldi skipverja: 10



Hringur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA
Gögn LHG

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. mars 2023 af Geirþúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:


Þann 22. ágúst 2022 var Hringur á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: hægviðri lítil alda.

Um morguninn varð yfiréltjóri var við lykt í vélarrými en engan reyk. Yfiréltjóri skoðaði vélarúmið en varð ekki var við annað en lykt og ekkert annað óeðlilegt. Um hádegi jókst lyktin en ekki varð vart við neinn reyk. Lyktin jókst eftir því sem leið á daginn. Um kl. 22:00 þegar búið var að hífa var orðið ólíft af lykt í vélarýminu. Þá fóru vélstjóri, vélavörður og skipstjóri niður í vélarúm að leita að vegsummerkjum, mætti þeim þá mikill reykur og var ákveðið að stöðva aðalvél og gangsetja ljósavél. Haft var samband við Landhelgisgæsluna (LHG) sem virkjaði viðbragðsáætlun og björgunarskipið Vörður var sent af stað frá Patreksfirði. Áhöfnin lokaði fyrir öll op að vélarúmi, slökktu á vélarúmsblásara og fóru á mótsstað í brú. Myndavélar eru í brú skipsins og fylgdist áhöfnin með þegar reykurinn hjaðnaði. Fljótlega náðu skipverjar tökum á ástandinu og aðkoma LHG var afþökkuð en skipstjóri óskaði eftir að björgunarskipið biði átekta.


Þegar búið var að reykraesta vélarúmið fóru tveir skipverjar, búnir reykköfunarbúnaði, niður til að kanna ástandið. Eftir samráð við viðgerðarmann í landi var ákveðið að aftengja öxul ásráfals frá gír aðalvélar og eftir það var skipinu siglt til hafnar.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Vélstjóri taldi sig sjá eldglæringar við ásrafalinn þegar hann fór niður um kl. 22:00 þegar reykur var hvað mestur í vélarúminu.
- Við skoðun ásrafals kom í ljós að í honum voru keflalegur en ekki kúlulegur eins og eiga að vera skv. leiðbeiningum vélarframleiðanda (mynd 1 og 2).




Mynd 1 legur í ásráfali Hrings



Mynd 2 fyrirmæli framleiðanda um gerð lega eins og merking ásrafals segir til um

- Legur sem vélarframleiðandi mælir fyrir um að séu notaðar eru af gerðinni 6322-2RS (sjá mynd 3).



Mynd 3 kúlulegur 6322-2ES

- Öll smurolíurör að legunum virkuðu eðlilega við skoðun.
- Við skoðun sást að smurolía hafði lekið frá legum og brunnið (mynd 4).
- Ásrafallinn var tekinn upp árið 2014 en þá skaut hann úr sér.
- Fram kom að björgunaræfingar væru haldnar um borð og að nýliðafræðsla væri á íslensku og pólsku. Þá hefur verið gert áhættumat fyrir einstaka verkþætti.



Mynd 4 ásrafall Hringa SH 153

Nefndarálit:

Nefndin telur að orsök óhappsins sé sú að notaðar hafi verið rangar tegundir af legum.

Nefndin telur að áhöfn Hrings hafi brugðist rétt við eftir að reykur kom upp í skipinu.